



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum.

Í upphafi er rétt að taka sérstaklega fram að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur aldrei óskað eftir því að kjaradeila Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans verði leyst með lagasetningu. Sambandið telur slíkt inngríp í kjaradeiluna afar slæmt og ekki til þess fallið að vera framtíðarlausn á þeim vanda sem upp hefur komið. Í ljósi þess frumvarps sem nú liggur fyrir er þó rétt að gera nokkrar athugasemdir við efni þess.

Samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, geta sveitarstjórnir haft með sér samvinnu um samningsgerð og falið sameiginlegri samninganefnd samningsumboð sitt.

Á grundvelli þessarar heimildar hafa sveitarfélög falið Launanefnd sveitarfélaga, sem starfar á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga, að annast fyrir sína hönd undirbúning og gerð kjarasamninga, m.a. við stéttarfélög opinberra starfsmanna.

Störf launanefndar sveitarfélaga byggja á samþykktum fyrir Launanefnd sveitarfélaga, samþykktum á XVII. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 25.–27. september 2002, og umboðum sem sveitarfélögin hafa látið henni í té. Umboð til nefndarinnar eru án fyrirvara. Umboð til launanefndar fela í sér að viðkomandi fellst á að hlíta samþykktum Launanefndar sveitarfélaga og þeim samningum sem hún gerir og aðilar staðfesta. Í umboði felst jafnframt að samningsgerð launanefndar er endanleg og þarf ekki staðfestingu viðkomandi sveitarfélags.

Öll sveitarfélög landsins sem reka grunnskóla, önnur en Saurbæjarhreppur hafa látið launanefndinni slíkt umboð í té.

Með hliðsjón af þessu væri rétt að orðalagi í 1. og 2. gr. frumvarpsins yrði breytt. Breytingin á 1. gr. yrði með þeim hætti að í stað orðanna „*sem aðild eiga að launanefndinni*“, kæmi eftirfarandi texti: **sem veitt hafa launanefndinni umboð til kjarasamningsgerðar við nefnda aðila**. Breytingin á 2. gr. yrði með þeim hætti að í stað orðanna „*sem aðild eiga að launanefnd sveitarfélaga*“ kæmi eftirfarandi texti: **sem veitt hafa launanefndinni umboð til kjarasamningsgerðar við þá aðila**.

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að hafi aðilar ekki gert með sér kjarasamning fyrir 15. desember nk. skuli Hæstiréttur tilnefna í gerðardóminn. Ekki er



Óyggjandi hvað átt er við með að gera með sér kjarasamning og getur komið upp vafi um það hvort þar sé átt við að undirritaður hafi verið kjarasamningur eða hvort kjarasamningurinn hafi verið samþykktur í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðila. Rétt þykir að taka af allan vafa í þessu sambandi og er lagt til að miðað sé við undirritun kjarasamnings. Ef slíkur samningur yrði undirritaður skömmu fyrir 15. desember 2004 hlýtur það að vera eðlilegt að Hæstiréttur bíði með tilnefningu sína þar til ljóst verður hvort samningurinn verði samþykktur í atkvæðagreiðslu. Því er lagt til að í stað orðanna "gert með sér kjarasamning" í 1. ml. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins komi eftirfarandi texti: **undirritað kjarasamning**.

Að síðustu er lagt til að 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins falli brott. Telja verður að 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins nái fram því markmiði sem að er stefnt með þessari málsgrein, sbr. athugasemdir með frumvarpinu. Þá kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að lögin komi að sjálfsgöðu ekki í veg fyrir að aðilar geti gert með sér kjarasamning þótt gerðardómur hafi tekið til starfa. Ef slíkur samningur næðist milli aðila má telja eðlilegra að hann lyti hefðbundnum reglum um staðfestingu, þ.e. færi fyrir atkvæði atkvæðisbærra félagsmanna sem og Launanefndar sveitarfélaga, heldur en að hann yrði staðfestur af gerðardómi, hvort sem það byggði á samkomulagi sem gerðardómurinn hefur beitt sér fyrir eða dómsátt eins og segir í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Sú aðferð sem 3. mgr. gerir ráð fyrir getur einnig vakið upp spurningar um hvaða aðila um er að ræða. Er þar verið að meina að samninganefnd KÍ gæti t.d. gert samkomulag eða dómsátt sem hefði bindandi gildi án þess að bera það undir atkvæði sinna félagsmanna? Ef slíkt samkomulag liggur fyrir má ætla að það sé affarasælast fyrir alla aðila að það samkomulag lúti sömu reglum og um hefðbundinn kjarasamning væri að ræða.

Í ljósi framangreindrar breytingartillögu um að fella brott 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt að fella brott eftirfarandi texta úr 2. mgr. 3. gr.: "**án þess að vilja gera um það dómsátt,**".

VIRÐINGARFÝLLST,
f.h. Sambands Íslenskra sveitarfélaga
12. nóvember 2004


Sigurður Óli Kolbeinsson
sviðsstjóri